

Fjárhagsáætlun SHS 2022 - 2026



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.,
Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteignir ehf.



Á 231. fundi stjórnar Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu (SHS), sem haldinn var 15. október 2021, var fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 - 2026 samþykkt. Samhliða því var samþykkt að fela slökkviliðs- og borgarstjóra að útfæra lækkun á fjárfestingarframlagi 2022 til að koma til móts við hækkun á framlagi til rekstrar vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks SHS sem tekur gildi að fullu 1. maí 2022.

Gert er ráð fyrir 44 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu árið 2022, þar sem framlag í fjárfestingarsjóð er lækkað um 54 m.kr. frá 2021 eða um 44% og verði tæplega 69 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlagið hækki aftur 2023 - 2026 og verði þá í takt við stofnsamþykktir og að rekstrarniðurstaða komist í jafnvægi.

Núgildandi samningur SHS og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um sjúkraflutninga rennur út í lok árs 2021, samningaviðræður eru í gangi, þar sem SHS leggur áherslu á að tekið sé á kostnaðarauka SHS vegna styttingar vinnutíma starfsmanna sem sinna sjúkraflutningum, hækkun verðlags og magnbreytinga.

Fjárhagsáætlun 2022 - 2026 byggir á meginforsendum um verðlag eins og þær koma fram í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 22. mars 2021, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS sem skrifað var undir 4. maí 2018 og gildir fyrir starfssvæði SHS samkvæmt ákvæðum 13. gr. í lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi, sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS).

Það sem einkennir starfsemi SHS er að reglugerðir gera skýrar kröfur um mönnun og framkvæmd eldvarnaeftirlits og viðbragðs slökkviliða. Kröfurnar eiga að tryggja að nægur mannskapur sé til staðar til þess að sinna eldvarnaeftirliti í mannvirkjum á tilteknu þjónustusvæði samkvæmt árlegri eftirlitsáætlun og að uppsett afl slökkviliðs sé alltaf tryggt þannig að hægt sé að hefja reykjöfun innan tíu mínútna frá því að kallið kemur.

Samkvæmt samkomulagi við HMS er mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð í júnímánuði ár hvert á gildistíma áætlunarinnar sem er í fimm ár frá samþykkt hennar. Endurskoðunin mun snúast um að mönnun liðsins uppfylli lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda. Niðurstaðna úr yfirstandandi endurskoðun HMS er að vænta innan skamms.

Reykjavík, 22. október 2021.

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri og
framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Meginforsendur fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun 2022 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagspá Hagstofu Íslands frá 22. mars 2021.

Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftast ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send HMS, s.s. búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykkafera.

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, sem gildir 1. janúar 2020 til 30. september 2023, er gert ráð fyrir að stytting vinnuviku vaktavinnufólks taki gildi frá og með 1. maí 2022 í samræmi við samkomulag á grundvelli bókonar 6 með kjarasamningnum.

Helstu breytingarnar eru að vinnuvikan styttest úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks tekur mið af fleiri þáttum en áður. Í nýju launamyndunarkerfi fjölga vaktaálagsflokkum og vægi vinnustunda er metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks, sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma í allt að 32 tíma á viku. Þá verður greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Það er mat samningsaðila að framangreindar breytingar séu til þess fallnar að auka möguleika vaktavinnufólks til að vinna hærra starfshlutfall en áður og hækka þannig tekjur sínar og ævitekjur. Þetta á ekki við hjá SHS þar sem allir starfsmenn eru í fullu starfshlutfalli.

Markmið kerfisbreytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta betur vinnu og einkalíf, þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari.

Í fjárhagsáætlun 2022 þarf því að gera ráð fyrir að vinnuvikan fyrir fólk í vaktavinnu styttest úr 40 stundum í 36 á viku, fyrir fullt starf. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda eins og áður hefur komið fram. Launamyndun vaktavinnufólks breytist og mun taka meira mið af vaktabyrði en áður. Hvernig það verður útfært hjá SHS liggur ekki fyrir og er hluti af því sem þarf að taka fyrir í sameiginlegum vinnuhópi samningsaðila og rekstraraðila.

Núgildandi samningur SHS og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um sjúkraflutninga rennur út í lok árs 2021, eftir að hafa verið tvíframlengdur 2021. Samningaviðræður eru í gangi, þar sem SHS leggur áherslu á að tekið sé á kostnaðarauka SHS vegna styttingar vinnutíma starfsmanna sem sinna sjúkraflutningum.

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum SHS byggja á forsendum frá fjármálaskrifstofu fyrir tímabilið 2022 - 2026, sbr. þjóðhagspá Hagstofu Íslands 22. mars 2021, sjá töflu hér fyrir neðan. Áætlað er að launavísitala hækki um 5,4% og vísitala neysliverðs um 2,4% fyrir árið 2022.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Einkaneysla	-3.3	2.3	4.1	3.5	2.8	2.7	2.6
Samneysla	3.1	1.1	0.7	-0.5	-0.4	-0.1	1.4
Fjármunamyndun	-6.8	5.0	4.3	5.7	2.3	2.1	3.1
Útflutningur vöru og þjónustu	-30.5	10.3	16.8	10.1	8.4	3.8	2.6
Innflutningur vöru og þjónustu	-22.0	8.7	12.5	8.6	6.7	3.2	2.3
Verg landsframleiðsla	-6.6	2.6	4.8	3.8	2.7	2.1	2.4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	5.5	7.8	6.4	5.5	4.9	4.5	4.3
Vísitala neysliverðs	2.8	3.2	2.4	2.4	2.5	2.5	2.5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	11.1	-0.8	-1.0	-0.3	0.0	0.0	0.0
Þróun launa	6.3	7.1	5.4	4.2	4.2	4.1	4.2

Forsendur um gjaldskrárbreytingar

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

Gjaldskrá SHS er sett með heimild í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Á 231. fundi stjórnar var ný gjaldskrá fyrir árið 2022 samþykkt. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá.

Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærrí fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Fjárhagsáætlun 2022

Samhliða kynningu á 6 mánaða uppgjöri 20. ágúst sl. var lögð fram útkomuspá fyrir 2021, þar sem gert er ráð fyrir hærri tekjum af sjúkraflutningum en í fjárhagsáætlun ársins, sem rekja má til mun fleiri flutninga en gert var ráð fyrir, samtals um 130 m.kr.

Undanfarna mánuði hefur verið leitast við að styrkja mönnun varðliðsins tímabundið til að bregðast við álagi í sjúkraflutningum, sem að hluta er tilkomið vegna COVID-19 en ekki síður þeirrar fjölgunar sem hefur verið á almennum flutningum. Það sem af er ári hefur flutningum að COVID-19 flutningum undanskildum fjölgað um 17%. Heilbrigðisráðuneytið áformar að bjóða út COVID-19 flutninga fyrir þá sjúklinga sem geta setið við flutning. Ekki er gert ráð fyrir þeim flutningum í áætlun 2022 hjá SHS.

Útkomuspáin gerir ráð fyrir að launakostnaður 2021 verði um 130 m.kr. hærrí en áætlað var, vegna tímabundinnar ráðningar starfsmanna til að styrkja mönnun varðliðsins vegna sjúkraflutninga til áramóta sem er í takt við auknar tekjur vegna sjúkraflutninga. Á fyrri hluta árs greiddi SÍ hluta af útlögðum kostnaði SHS vegna COVID-19 sem féll til 2020 og fyrstu þrjú mánuði 2021, samtals um 129 m.kr.

Að teknu tilliti til kjarasamningsbundinna launahækkana og magnaukningar, launabróunar, nýráðningar vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og áhrifa hennar á mönnun aðgerðasviðs SHS er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2021	ÚT-2021	Á-2022	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-21 til Á-22	Á-21 til Á-22	ÚT-21 til Á-22
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	1.981.600	1.981.600	2.195.575	213.975	10,8%	10,8%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	123.100	123.100	68.787	(54.313)	-44,1%	-44,1%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	20.100	20.100	21.094	994	4,9%	4,9%
Tekjur frá eigendum alls:	2.124.800	2.124.800	2.285.455	160.655	7,6%	7,6%
Sjúkratryggingar Íslands - sjúkraflutningar.....	1.368.800	1.401.000	1.663.074	294.274	21,5%	18,7%
Sjúkratryggingar Íslands - Covid-19 flutningar.....	0	97.800	0	0	n/a	n/a
Sjúkratryggingar Íslands - eingreiðsla v/Covid-19..	0	129.300	0	0	n/a	n/a
Sértekjur.....	87.200	87.200	91.573	4.373	5,0%	5,0%
SHS fasteignir.....	110.600	110.600	113.278	2.678	2,4%	2,4%
Aðrar tekjur alls:	1.566.600	1.825.900	1.867.926	301.326	19,2%	2,3%
Rekstrartekjur alls:	3.691.400	3.950.700	4.153.382	461.982	12,5%	5,1%
Rekstrargjöld						
Laun og launategd gjöld.....	3.008.200	3.138.200	3.452.315	444.115	14,8%	10,0%
Annar rekstrarkostnaður.....	538.900	538.900	596.766	57.866	10,7%	10,7%
Rekstrargjöld alls:	3.547.100	3.677.100	4.049.082	501.982	14,2%	10,1%
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	144.300	273.600	104.300	(169.300)		
Afskriftir.....	(129.000)	(129.000)	(134.000)	(5.000)		
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	(14.000)	(14.000)	0		
Rekstrarniðurstaða	1.300	130.600	(43.700)			

Fjárhæðir í þús. kr.

Rekstrarniðurstaða

Í samræmi við ákvörðun á stjórnarfundi 15. október sl. þar sem samþykkt var að víkja frá þeirri meginforsendu að byggðasamlög skili fjárhagsáætlun með jákvæðri rekstrarniðurstöðu, er gert ráð fyrir 44 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu 2022. Gert er ráð að framlag í fjárfestingarsjóð lækki um 45 m.kr. miðað við forsendur í stofnsamþykktum SHS, en hækki aftur 2023-2026 og verði þá í takt við stofnsamþykktir og að rekstrarniðurstaða komist í jafnvægi aftur.

Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2022 eru 4.153 m.kr., sem er um 12,5% hækkun miðað við endurskoðaða áætlun 2021.

Tekjur frá eigendum eru 2.285 m.kr. eða um 55% af heildartekjum og hækka samtals um 161 m.kr. (7,6%) frá 2021. Tekjur af sjúkraflutningum eru um 40% af heild eða 1.663 m.kr. og hækka um 294 m.kr. (21,5%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 205 m.kr. eða um 5% af heildartekjum, sem er um 7 m.kr. (3,6%) hækkun.

Samningar um sjúkraflutninga eru lausir í lok árs, eftir að hafa verið tvíframlengt. Mikil óvissa er í rekstri SHS um þetta viðamikla verkefni og stóran tekjulið sem því fylgir.

Fjárhagsáætlun fyrir 2022 gerir ráð fyrir að samningaviðræðum um sjúkraflutninga verði lokið fyrir árslok og að nýr samningur taki meðal annars mið af verðlagsþróun, fjölgun íbúa á svæðinu og kostnaðarauka vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2021	ÚT-2021	Á-2022	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-21 til Á-22	Á-21 til Á-22	ÚT-21 til Á-22
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	1.981.600	1.981.600	2.195.575	213.975	10,8%	10,8%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	123.100	123.100	68.787	(54.313)	-44,1%	-44,1%
Eigendur vegna almanna AHS.....	20.100	20.100	21.094	994	4,9%	4,9%
Tekjur frá eigendum alls:	2.124.800	2.124.800	2.285.455	160.655	7,6%	7,6%
Sjúkratryggingar Íslands - sjúkraflutningar.....	1.368.800	1.401.000	1.663.074	294.274	21,5%	18,7%
Sjúkratryggingar Íslands - Covid-19 flutningar.....	0	97.800	0	0	n/a	n/a
Sjúkratryggingar Íslands - endurgr. v/Covid-19.....	0	129.300	0	0	n/a	n/a
Sértekjur.....	87.200	87.200	91.573	4.373	5,0%	5,0%
SHS fasteignir.....	110.600	110.600	113.278	2.678	2,4%	2,4%
Aðrar tekjur alls:	1.566.600	1.825.900	1.867.927	301.327	19,2%	2,3%
Rekstrartekjur alls:	3.691.400	3.950.700	4.153.383	461.983	12,5%	5,1%

Fjárhæðir í þús. kr.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Meginástæða hækkunar á framlagi eigenda vegna reksturs umfram verðlagshækkun er hækkun á launakostnaði. Þar vegur þýngst stytting á vinnutíma vaktavinnufólks, sem að óbreyttu tekur gildi 1. maí 2022, kjarasamningsbundnar launahækkunar í byrjun árs 2022 og fyrirsjáanleg launaþróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar árið 2022.

Framlag til rekstrar miðað við framangreindar forsendur er um 2.196 m.kr. sem er uppsafnað um 10,8% hækkun miðað við áætlun 2021, þar af er hækkun verðlags um ríflega 4,9% og áætlaður hlutur eigenda á móti Sjúkratryggingum Íslands vegna áhrifa styttingar vinnutíma vaktavinnufólks á launakostnað vegur um 5,6%.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki um 4,9% eða í takt við áætlaða hækkun launa- og neysluvísitölu 2022.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva, sem eru fjórar í dag. Fjárfestingarframlag eigenda 2022 ætti að vera um 114 m.kr. ef miðað væri við ákvæði í stofnsamningi og gengi SDR eins og það er 31. ágúst 2021. Stjórn SHS hefur samþykkt að á árinu 2022 verði framlag í fjárfestingarsjóð lækkað um 45 m.kr. og verði því tæpar 69 m.kr. Heildarlækkun á framlaginu er því 54 m.kr. (-44%) þegar tekið hefur við tillit framangreindrar lækkunar og 7,6% lækkunar á gengi SDR milli ára.

Tekjur af sjúkraflutningum – Sjúkratryggingar Íslands

Útkomuspá fyrir 2021 gerir ráð fyrir að tekjur af sjúkraflutningum verði 130 m.kr. (9,5%) hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þar vegur þýngst fjölgun sjúkraflutninga, meðal annars vegna Covid-19.

Útkomuspá 2021 gerir ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga verði um 1.499 m.kr., þar af eru tekjur af Covid-19 flutningum áætlaðar um 98 m.kr.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að nýr samningur við Sí taki gildi í upphafi árs 2022 og forsendur fjárhagsáætlunar ganga því út frá því að nýr samningur taki mið af núverandi samningi, þ.e. taki breytingum í takt við verðlag, þar sem hækkun launavísitölu vegur 86% og hækkun neysluvísitölu vegur 14%. Auk þess er hann háður magnbreytingum, bæði íbúafjölda á þjónustuvæðinu og fjölda sjúkraflutninga. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýr samningur taki tillit til kostnaðaraukningar í tengslum við styttingu vinnuviku vaktavinnufólks hjá SHS.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að fjöldi sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga án Covid-19 í ár og hlutfallslega fjölgun íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (1,5%). Einnig er gert ráð fyrir að hlutfall innheimtra flutninga verði um 85% líkt og fyrir Covid-19.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2022 verði um 1.663 m.kr. sem er um 294 m.kr. (21,5%) hækkun miðað við áætlun 2021. Sé einungis litið til almennra sjúkraflutninga (án Covid) nemur hækkun frá útkomuspá 2021 um 262 m.kr. Uppsafnað er það um 18,7% hækkun, þar af eru ríflega 4,9% vegna verðlagshækkana og 13,1% vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og magnaukningar.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun neysluvísitölu 2022 og verði um 113 m.kr.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 4,4 m.kr. (5%) eða í takt við verðlag og verði um 92 m.kr. 2022.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 4.049 m.kr. á árinu 2022 sem er um 502 m.kr. (14,2%) hækkun frá áætlun 2021. Laun og launatengd gjöld hækka um 444 m.kr. (14,8%) og annar rekstrarkostnaður um 58 m.kr. (10,7%) frá áætlun 2021.

Laun og launatengd gjöld eru um 85% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 15%. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum sem hafa bein áhrif á launakostnað næsta árs og þróun annars rekstrarkostnaðar.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2021	ÚT-2021	Á-2022	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-21 til Á-22	Á-21 til Á-22	ÚT-21 til Á-22
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.008.200	3.138.200	3.452.315	444.115	14,8%	10,0%
Annar rekstrarkostnaður.....	538.900	538.900	596.766	57.866	10,7%	10,7%
Rekstrargjöld alls:	3.547.100	3.677.100	4.049.082	501.982	14,2%	10,1%

Fjárhæðir í þús. kr.

Launakostnaður

Flöt hækkun mánaðarlauna 1. janúar 2022 er um 5,3% (vegið meðaltal) og önnur laun, s.s. vaktalag og yfirvinna, hækka í takt við hækkun mánaðarlauna. Þá er ekki búið að taka tillit til launaþróunar í starfi vegna menntunar, aldurs og stöðu.

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks kallar á nýráðningar, en eins og áður hefur komið fram, mun vinnutími vaktavinnufólks styttest í 36 stundir frá og með 1. maí 2022. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda. Hér er gert ráð fyrir að meðaltalsvinnuvika vaktavinnufólks verði um 34 stundir á viku.

Framangreind stytting vinnutíma vaktavinnufólks og mönnun aðgerðasviðs í takt við 2021 þýðir að ráða þarf inn um 25 manns í varðliðið vegna styttingar vinnuvikunnar. Heildarkostnaður, eftir að búið er að taka tillit til áætlaðra breytinga á launamyndun í tengslum við styttingu vinnutíma vaktavinnufólks, er um 229 m.kr. 2022 á verðlagi 2021, sem er um 9,2% hækkun heildarlaunakostnaðar varðliðsins miðað við áætlun 2021.

Launamyndun vaktavinnufólks breytist og mun taka meira mið af vaktabyrði en áður. Hvernig það verður útfært hjá SHS liggur ekki fyrir og er hluti af því sem þarf að taka fyrir í sameiginlegum vinnuhóp samningsaðila og rekstraraðila.

Launapróun varðliðsins hækkar launakostnað 2022 um 42 m.kr. Áætlunin gerir ráð fyrir að þriðjungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga þurfi í stöður varðstjóra vegna breytinga á vaktakerfi í kjölfar styttingar vinnutíma vaktavinnufólks.

Að teknu tilliti til ofangreinds hækkar heildarlaunakostnaðar hjá SHS 2022 um 444 m.kr. (14,8%) miðað við fjárhagsáætlun 2021. Taflan sýnir sundurliðun breytingum á áætluðum heildarlaunakostnaði 2022.

	Á-2021	Á-2022	Breyting	Hlutfall
	áætlun	áætlun	Á-21 til Á-22	Á-21 til Á-22
Stytting vinnuvikunnar				
Varðliðið.....	2.485.000	2.485.000		
Launamyndun breyting v/styttingar frá 1/5 2022..		(57.983)	(57.983)	-2,3%
Fjölgun vegna styttingar í 34 stunda vinnuviku		287.362	287.362	11,6%
Stytting alls:		229.378	229.378	9,2%
Launapróun 2022.....		42.245	42.245	1,7%
Kjarasamningsbundin launahækkun varðliðs 2022. .		155.749	155.749	5,7%
Launapróun og kjarasamningar alls:		197.994	197.994	8,0%
Heildarkostnaður við varðliðið 2022.....	2.485.000	2.912.373	427.373	17,2%
Heildarlaunakostnaður dagvinna.....	523.200	539.942	16.742	3,2%
Laun als:	3.008.200	3.452.315	444.115	14,8%

Fjárhæðir í þús. kr.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (5,4%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neyslúvísitölu (2,4%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður hækki því samtals um 58 m.kr. (10,8%) 2022, miðað við áætlun 2021. Þar vegur þyngst kostnaðarauki vegna fjölgunar starfsmanna vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og breyting á vaktakerfi, samtals um 40 m.kr.

Sjóðstreymi og fjárfestingar

Meðfylgjandi tafla sýnir sjóðstreymi eins og það kom fram í samþykktri áætlun fyrir 2021, útkomuspá 2021, sem gerir ráð fyrir að heildarfjárfesting lækki og verði um 80 m.kr. og áætlun 2022 þar sem gert er ráð fyrir fjárfestingu í stiga-/körfubifreiðum.

Sjóðstreymi	Á-2021	ÚT-2021	Á-2022
	áætlun	útkomuspá	áætlun
Rekstrarniðurstaða.....	1.300	130.600	(43.700)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	129.000	129.000	134.000
Verðbætur og gengismunur.....	6.656	6.656	6.656
	<u>136.956</u>	<u>266.256</u>	<u>96.956</u>
Viðskiptakröfur lækkun (hækkun).....	5.477	6.029	6.029
Aðrar skammtímakröfur (lækkun) hækkun.....	(27.285)	(27.837)	0
Handbært fé frá rekstri	115.148	244.448	102.985
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(110.000)	(80.000)	(400.000)
Afborganir langtímalána.....	(12.462)	(12.462)	(12.462)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(7.314)	151.986	(309.477)
Handbært fé í byrjun árs.....	204.015	233.094	385.080
Handbært fé í lok árs	196.701	385.080	75.603

Fjárhæðir í þús. kr.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að bjóða út kaup á tveimur nýjum stiga-/körfubifreiðum sem yrðu þá afhentar og greiddar 2022. Brunavarnaáætlun gerir ráð fyrir kaupum á tveimur nýjum körfubifreiðum á tímabilinu 2020-2022.

Jafnframt var gert ráð fyrir kaupum á nýrri dælubifreið sem staðsett yrði á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi á þessu ári en ljóst er að það frestast til 2022.

Áætlaðar heildarfjárfestingar 2022 eru allt að 400 m.kr. Þar af eru um 300 m.kr. vegna framangreindra fjárfestinga í körfu-/stigabilum og slökkvibifreið fyrir Kjalarnes. Gert er ráð að framangreindar fjárfestingar verði að óbreyttu fjármagnaðar með handbæru fé.

Undirbúningur að byggingu á nýrri slökkvistöð í stað stöðvarinnar á Tunguhálsi er hafinn. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti fjármögnun á byggingu nýrrar slökkvistöðvar verður háttáð en áhrifa hennar mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

Framlög eigenda

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10. gr. stofnsamnings SHS. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2020 skiptingunni fyrir áætlun 2022. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2021 til áætlunar 2022 í takt við íbúáþróun á svæðinu.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	íbúar 2019	íbúar 2020	breytingar fjöldi	breytingar	hlutfall 2021	hlutfall 2022	breytingar
Eigendur vegna slökkviliðs							
Reykjavík.....	131.146	133.181	2.035	1,55%	56,34%	56,40%	0,07%
Kópavogur.....	37.936	38.209	273	0,72%	16,30%	16,18%	-0,11%
Hafnarfjörður.....	29.986	29.752	(234)	-0,78%	12,88%	12,60%	-0,28%
Garðabær.....	16.924	17.668	744	4,40%	7,27%	7,48%	0,21%
Mosfellsbær.....	12.069	12.562	493	4,08%	5,18%	5,32%	0,14%
Seltjarnarnes.....	4.719	4.744	25	0,53%	2,03%	2,01%	-0,02%
	232.780	236.116	3.336	1,43%	100,00%	100,00%	

Íbúáþróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2018 til 1. desember 2020

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 3.336 á tímabilinu, eða um 1,43%, skv. Hagstofu Íslands. Fjölgun var mismikil eftir sveitarfélögum, fækkun í Hafnarfirði (-0,78%), en íbúum Garðabæjar fjölgaði hlutfallslega mest (4,4%), sem hefur áhrif á framlag þeirra til SHS á rekstrarárinu 2022.

Taflan sýnir áætlað framlag hvers eiganda til reksturs SHS, AHS og í fjárfestingasjóð SHS á árinu 2022, samanborið við áætlun ársins 2021.

Til að standa undir nauðsynlegri fjölgun varðliðsmanna vegna styttingar vinnutíma, launaþróun og verðlagsþróun þarf heildarframlag eigenda til rekstrar SHS að hækka um 161 m.kr. (7,6%) miðað við áætlun 2021, að því gefnu að nýr samningur við Sjúkratryggingar Íslands feli í sér hækkun til að dekkja hluta af kostnaði við styttingu vinnutíma vaktavinnufólks.

Kjósarhreppur er ekki eigandi SHS heldur sér SHS um þjónustu við hreppinn í verktöku samkvæmt samningi. Greiðslur Kjósarhrepps fyrir þjónustuna heyra því undir sértekjur. Hins vegar er hreppurinn aðili að almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og greiðir því framlag til reksturs AHS í hlutfalli af íbúafjölda eins og hin sveitarfélögin.

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2021	Á-2022	Breytingar Á-2021	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	1.981.600	2.195.575	213.975	10,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	123.100	68.787	(54.313)	-44,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	20.100	21.094	994	4,9%
Alls:	2.124.800	2.285.455	160.655	7,6%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.197.092	1.289.096	92.005	7,7%
Vegna reksturs SHS.....	1.116.414	1.238.412	121.998	10,9%
Vegna fjárfestinga SHS.....	69.353	38.799	(30.554)	-44,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	11.324	11.885	561	5,0%
Kópavogur	346.277	369.836	23.558	6,8%
Vegna reksturs SHS.....	322.940	355.295	32.355	10,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	20.062	11.131	(8.930)	-44,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.276	3.410	134	4,1%
Hafnarfjörður	273.710	287.978	14.268	5,2%
Vegna reksturs SHS.....	255.264	276.655	21.392	8,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	15.857	8.668	(7.190)	-45,3%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.589	2.655	66	2,5%
Garðabær	154.481	171.014	16.532	10,7%
Vegna reksturs SHS.....	144.070	164.290	20.220	14,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	8.950	5.147	(3.803)	-42,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.461	1.577	115	7,9%
Mosfellsbær	110.165	121.591	11.426	10,4%
Vegna reksturs SHS.....	102.740	116.810	14.070	13,7%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.382	3.660	(2.723)	-42,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.042	1.121	79	7,6%
Seltjarnarnes	43.075	45.919	2.844	6,6%
Vegna reksturs SHS.....	40.172	44.113	3.941	9,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	2.496	1.382	(1.113)	-44,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	407	423	16	3,9%
Kjósarhreppur	21	22	1	3,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	21	22	1	3,5%

Fjárhæðir í þús.kr.

Fjárhagsáætlun 2023 - 2026

Eins og áður hefur komið fram þá byggir fjárhagsáætlun 2022 á þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS með fyrirvara um breytingar vegna árlegrar endurskoðunar MVS á mönnun meðal annars með tilliti til niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja. Rammaáætlun fyrir árin 2023 – 2026 er því einnig birt með sömu fyrirvörum sem hefðu þá áhrif á fjárhagsáætlun liðsins.

Í fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 - 2026, sem er á verðlagi 2022, er gert ráð fyrir að framlag eigenda í fjárfestingarsjóð hækki aftur og verði í samræmi við ákvæði stofnsamþykktum SHS.

Rekstur	Á föstu verðlagi 2022				
	Á-2022	Á-2023	Á-2024	Á-2025	Á-2026
	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Rekstrartekjur:					
Tekjur frá eigendum.....	2.285.455	2.330.455	2.330.455	2.330.455	2.330.455
Sjúkratryggingar Íslands.....	1.663.074	1.663.074	1.663.074	1.663.074	1.663.074
Aðrar tekjur.....	204.852	204.852	204.852	204.852	204.852
Rekstrartekjur samtals	4.153.382	4.198.382	4.198.382	4.198.382	4.198.382
Rekstargjöld:					
Laun og launatengd gjöld.....	3.452.315	3.452.315	3.452.315	3.452.315	3.452.315
Annar kostnaður.....	596.766	596.766	596.766	596.766	596.766
Rekstargjöld samtals	4.049.082	4.049.082	4.049.082	4.049.082	4.049.082
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	104.300	149.300	149.300	149.300	149.300
Afskriftir.....	(134.000)	(135.000)	(135.000)	(135.000)	(135.000)
Fjármagnsliðir.....	(14.000)	(13.000)	(13.000)	(13.000)	(13.000)
Rekstrarniðurstaða	(43.700)	1.300	1.300	1.300	1.300

Fjárhæðir í þús. kr.

Sjóðstreymi	Á föstu verðlagi 2022				
	Á-2022	Á-2023	Á-2024	Á-2025	Á-2026
	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Rekstrarniðurstaða.....	(43.700)	1.300	1.300	1.300	1.300
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir.....	134.000	135.000	135.000	135.000	135.000
Verðbætur og gengismunur.....	6.656	6.656	6.656	6.656	6.656
	96.956	142.956	142.956	142.956	142.956
Viðskiptakröfur lækkun (hækkun).....	6.029	6.029	6.029	6.029	6.029
Aðrar skammtímakröfur (lækkun) hækkun.....	0	0	0	0	0
Handbært fé frá rekstri	102.985	148.985	148.985	148.985	148.985
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(400.000)	(100.000)	(140.000)	(140.000)	(140.000)
Afborganir langtímalána.....	(12.462)	(12.462)	(12.462)	(12.462)	(12.462)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(309.477)	36.523	(3.477)	(3.477)	(3.477)
Handbært fé í byrjun árs.....	385.080	75.603	112.126	108.649	105.172
Handbært fé í lok árs	75.603	112.126	108.649	105.172	101.695

Fjárhæðir í þús. kr.